

Alþingi Nefndasvið

7. desember 2020

Efni: Athugasemd Samtaka þekkingarsetra við frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun

Samtök þekkingarsetra (SPS) hafa áður komið á framfæri athugasemdum við frumvarpsdrög í samráðsferli í Samráðsgátt stjórnvalda. Vísað er til þess erindis, sem á ennþá við, enda ekki séð að miklar efnislegar breytingar hafi orðið á frumvarpsdrögum að því leyti sem varðar það sem fram kemur í athugasemdinni.

Efnisatriði

Í framlögðu frumvarpi er áhersla á nýsköpun á landsbyggðinni eitt markmiða laganna og segir í 1. grein frumvarpsins „Markmið laga þessara er að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni“.

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. eftirfarandi um „[á]hrif á landsbyggðina og sveitarfélög“: „Lögð verður áhersla á að efla og þetta stuðningsnet nýsköpunar á landsvísu á forsendum landshlutanna sjálfra og í náinni samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnulíf og menntakerfi á einstökum svæðum.“ Á fleiri stöðum í skýringum með frumvarpinu er vísað í eflingu nýsköpunar á landsbyggðinni og aukningu framlaga til þeirra verkefna í samráði við aðila í héraði.

Í greinargerð frumvarpsins er einnig sagt frá áformum um verkefnasjóð fyrir nýsköpun í samstarfi við sveitarfélög: „Unnið er að því að tengja stuðningsumhverfi nýsköpunar á landsbyggðinni betur sóknaráætlunum landshlutanna. Slík tenging getur eflt sóknaráætlanirnar og stutt við atvinnuþróun á landsbyggðinni með markvissari hætti en áður. Settur verður á fót verkefnasjóður fyrir nýsköpun í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga og sóknaráætlanir landshlutanna og hann tengdur við næstu byggðaáætlun. Þessi verkefnasjóður verður viðbót við þau verkefni og framlög sem nú eru til staðar á vegum sóknaráætlana landshlutanna.“

Úrbætur á lagafrumvarpi

Með vísan til framangreindra atriða vilja Samtök Þekkingarsetra gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið eins og það er kynnt.

- Í lagatextann vantar algerlega útfærslu markmiðsgreinarinnar hvað varðar „áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni“. Texti lagafrumvarpsins er, þrátt fyrir málsmeðferð og ábendingar í Samráðsgátt, ennþá nær eingöngu útfærsla á stofnun tiltekins einkahlutafélags um afmörkuð verkefni á grunni starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Almennt þarf að umskrifna frumvarpið með þeim hætti að önnur grundvallaratriði markmiðsgreinar frumvarpsins verði útfærð einnig, en ekki eingöngu þau atriði sem dekkast mögulega með fyrrgreindu einkahlutafélagi í Reykjavík.
- Í skýringartexta er á nokkrum stöðum minnst á Fab-lab smiðjur og nefnd áform þar um að móta umgjörð um rekstur þeirra og fjármögnun, m.a. í samstarfi við þekkingarsamfélög í héruðum landsins. Ekkert er minnst á þetta í lagatextanum sjálfum og ekki auðséð hvaða stoð lögin gefa þessum hugmyndum sem raktar eru í skýringartextanum. Þær úrbætur þarf að gera að skrifa inn í lagatextann ramma utan um Fab-lab-smiðjur og aðkomu ráðuneytisins að þeim svo ekki leiki vafi á útfærslu og ábyrgð þessa mikilvæga þáttar. Þekkingarsetrin hafa með formlegum hætti boðið samstarf um rekstur af þessu tagi.
- Í lagatextann vantar ákvæði um skyldur og umboð ráðuneytisins til að styðja við uppbyggingu og rekstur frumkvöðlasetra, þ.e. grunnþjónustu og -aðstöðu, í byggðum landsins. Löggesta þarf heimild ráðuneytisins til að gera samninga um slík verkefni við þekkingarsetur sem þegar starfa að samningsbundnum verkefnum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.



- Verkefnasjóður um nýsköpun er áformaður í skýringartexta frumvarpsins. Hvergi er þó minnst á verkefnasjóð í lagatextanum. Úr þessu þarf að bæta þannig að ljóst verði hvort og þá hvernig fyrrnefndum verkefnasjóði verði háttáð, hvernig hann verði fjármagnaður og til hvaða verkefna.

Á heildina litið er meginsteff þessara ábendinga að ofan að gerðar verði þær úrbætur á málinu að samhengi verði skýrt á milli metnaðarfullra markmiða og áforma sem rakin eru í skýringartexta og markmiðsgrein annars vegar, og lagatextans sjálfs hins vegar. Standi ekki til að gera úrbætur á þessu þarf að íhuga að taka þau markmið út úr fyrstu grein sem texti frumvarpsins snertir ekkert á eða útfærir að öðru leyti.

Að lokum vilja Samtök þekkingarsetra koma á framfæri athugasemd við það fyrirkomulag sem frumvarpið og skýringartexti þess endurspeglar, þ.e. að ekki virðist gert ráð fyrir neinni aðkomu ríkisins að rekstri innviða og þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, heldur séu kynnt utan lagatextans áform um aukningu á fjármunum til verkefnasjóðs. Samtökin benda á að eitt af því sem brýn vöntun er á í stuðningskerfi nýsköpunar í byggðum landsins er einmitt festa í rekstri innviða nýsköpunar og frumkvöðla víða um land. Sú festa næst ekki með því að stofnsetja enn einn samkeppnissjóð sem sveitarfélögum landshluta er gert að sýsla með til útdeilingar í tímabundin og afmörkuð verkefni. Það sem þarf er föst og regluleg þjónusta og aðstaða úti í byggðunum sjálfum fyrir atvinnulíf, frumkvöðla og almenna íbúa á hverju svæði.

Virðingarfyllst,

Stjórn SÞS 2020-2021:

Hugrún Harpa Reynisdóttir, formaður stjórnar

Hanna María Kristjánsdóttir, ritari stjórnar

Óli Halldórsson, meðstjórnandi

Hugrún Harpa Reynisdóttir